BARNAVERNDARSTOFA

# Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu sex mánuði áranna 2013 og 2014

**2014**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu sex mánuði áranna 2013 og 2014. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu sex mánuði áranna 2013 og 2014.

**Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 10,4% á fyrstu 6 mánuðum ársins 2014 miðað við sama tímabil árið á undan. Fjöldi tilkynninga var 4.779 á fyrstu sex mánuðum ársins 2014, en 4.329 fyrir sama tímabil árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 9,8% en fjölgunin var 11,6% á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar fyrstu sex mánuði ársins 2014 voru vegna vanrækslu eða 40,0% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar vegna vanrækslu fyrir sama tímabil árið á undan var 36,4% af heildarfjölda tilkynninga. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 22,4% á fyrstu sex mánuðum ársins 2014, en 27,0% fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar var 37,1% á fyrstu sex mánuðum ársins 2014, en 35,8% fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu lækkaði úr 0,8% á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 í 0,6% á fyrstu sex mánuðum ársins 2014.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var 10,2% á fyrstu sex mánuðum ársins 2014, en 9,1% á fyrstu sex mánuðum ársins 2013. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 5,0% á fyrstu sex mánuðum ársins 2014, en 5,6% fyrir sama tímabil árið á undan.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu sex mánuðum ársins 2014 var 3.880 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 3.567 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

**Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um Stuðla fjölgaði fyrstu sex mánuði ársins 2014 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 24 fyrstu sex mánuði ársins 2014, en 18 fyrstu sex mánuði árið á undan. Umsóknir um meðferðarheimili voru 11 fyrstu sex mánuðina bæði árin. Alls bárust 47 umsókn um MST fyrstu sex mánuði ársins 2014, en 44 fyrir sama tímabil árið á undan. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks.

Flestar umsóknir um Stuðla og meðferðarheimili voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 75% umsókna fyrir Stuðla og 63,7% fyrir meðferðarheimili. Árið á undan var hlutfall umsókna frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur 55,5% fyrir Stuðla og 63,7 fyrir meðferðarheimili. Hlutfall umsókna um MST frá Reykjavík var 40,4% fyrstu sex mánuði ársins 2014, en 59,6% umsókna var frá nefndum í nágrenni Reykjavíkur, en þjónustusvæði MST spannar 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Fleiri umsóknir um Stuðla, meðferðarheimili og MST bárust fyrir drengi en stúlkur fyrstu sex mánuðina bæði árin.

Beiðnir til Barnaverndarstofu um fósturforeldra fækkaði úr 74 í 67 á umræddu tímabili. Flestar beiðnir fyrstu sex mánuði ársins 2014 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 62,7% umsókna, en 37,3% beiðna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri beiðnir bárust fyrir stúlkur fyrstu sex mánuði ársins 2014, en fleiri fyrir drengi fyrir sama tímabil árið á undan.

Í Barnahúsi fækkaði rannsóknarviðtölum úr 151 fyrstu sex mánuði ársins 2013 í 92 fyrstu sex mánuði ársins 2014. Skýrslutökum fækkaði úr 60 á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 í 27 fyrir sama tímabil árið 2014 en könnunarviðtölum fækkaði úr 91 í 65 milli ára. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 69,6% fyrstu sex mánuði ársins 2014, en 72,2 fyrir sama tímabil árið á undan.

Vistanir á neyðarvistun Stuðla voru 99 á fyrstu sex mánuðum ársins 2014, en 105 fyrir sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fækkaði úr 766 í 588. Fjöldi einstaklinga var 52 fyrstu sex mánuði ársins 2014, en 56 fyrir sama tímabil árið á undan og voru fleiri drengir vistaðir en stúlkur.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 32 fyrstu 6 mánuði áranna 2013 og 2014. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

# Tilkynningar til barnaverndarnefnda

## Fjöldi tilkynninga

| Barnaverndarnefnd | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnaverndarnefnd Reykjavíkur | 1.908 | 44,1 | 2.155 | 45,1 |
| Fjölskyldunefnd Seltjarnarness | 27 | 0,6 | 21 | 0,4 |
| Barnavernd Kópavogs | 384 | 8,9 | 418 | 8,7 |
| Fjölskylduráð Garðabæjar | 103 | 2,4 | 104 | 2,2 |
| Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar | 443 | 10,2 | 468 | 9,8 |
| Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar | 343 | 7,9 | 282 | 5,9 |
| Fjölskylduráð Grindavíkur | 49 | 1,1 | 49 | 1,0 |
| Fjölskyldu-og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga | 108 | 2,5 | 175 | 3,7 |
| Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar | 103 | 2,4 | 94 | 2,0 |
| Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar | 83 | 1,9 | 112 | 2,3 |
| Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala | 17 | 0,4 | 54 | 1,1 |
| Félagsmála-og barnaverndarnefnd Snæfellinga | 10 | 0,2 | 28 | 0,6 |
| Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum | 66 | 1,5 | 107 | 2,2 |
| Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar | 2 | 0,1 | 5 | 0,1 |
| Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda | 27 | 0,6 | 9 | 0,2 |
| Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu | 23 | 0,5 | 50 | 1,0 |
| Barnaverndarnefnd Skagafjarðar | 15 | 0,3 | 11 | 0,2 |
| Barnaverndarnefnd Útey | 37 | 0,9 | 40 | 0,8 |
| Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar | 196 | 4,5 | 152 | 3,2 |
| Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga | 28 | 0,6 | 70 | 1,5 |
| Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar | 28 | 0,6 | 56 | 1,2 |
| Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar | 45 | 1,0 | 65 | 1,4 |
| Félagsmálanefnd Hornafjarðar | 17 | 0,4 | 20 | 0,5 |
| Félagsmálanefnd Árborgar | 101 | 2,3 | 121 | 2,5 |
| Velferðarnefnd Árnesþings | 60 | 1,4 | 25 | 0,5 |
| Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu | 25 | 0,6 | 27 | 0,6 |
| Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja | 81 | 1,9 | 61 | 1,3 |
| **Samtals** | **4.329** | **100,0** | **4.779** | **100,0** |

## Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 2.329 | 53,8 | 2.675 | 56,0 |
| Stúlkur | 1.971 | 45,5 | 2.079 | 43,5 |
| Ekki vitað[1] | 29 | 0,7 | 25 | 0,5 |
| **Samtals** | **4.329** | **100,0** | **4.779** | **100,0** |

[1] Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði[1] | 2.968 | 68,6 | 3.260 | 68,2 |
| Landsbyggð | 1.361 | 31,4 | 1.519 | 31,8 |
| **Samtals** | **4.329** | **100,0** | **4.779** | **100,0** |

[1]Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um[1]

| Barnaverndarnefnd | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnaverndarnefnd Reykjavíkur | 1.459 | 40,9 | 1.653 | 42,6 |
| Fjölskyldunefnd Seltjarnarness | 24 | 0,7 | 18 | 0,5 |
| Barnavernd Kópavogs | 322 | 9,0 | 358 | 9,2 |
| Fjölskylduráð Garðabæjar | 94 | 2,6 | 99 | 2,6 |
| Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar | 387 | 10,8 | 414 | 10,7 |
| Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar | 288 | 8,1 | 229 | 5,9 |
| Fjölskylduráð Grindavíkur | 39 | 1,1 | 42 | 1,1 |
| Fjölskyldu-og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga | 93 | 2,6 | 122 | 3,1 |
| Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar | 86 | 2,4 | 80 | 2,1 |
| Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar | 71 | 2,0 | 80 | 2,1 |
| Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala | 12 | 0,3 | 46 | 1,2 |
| Félagsmála-og barnaverndarnefnd Snæfellinga | 10 | 0,3 | 26 | 0,7 |
| Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum | 64 | 1,8 | 86 | 2,2 |
| Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar | 2 | 0,1 | 4 | 0,1 |
| Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda | 26 | 0,7 | 9 | 0,2 |
| Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu | 19 | 0,5 | 26 | 0,7 |
| Barnaverndarnefnd Skagafjarðar | 15 | 0,4 | 11 | 0,3 |
| Barnaverndarnefnd Útey | 37 | 1,0 | 40 | 1,0 |
| Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar | 172 | 4,8 | 139 | 3,6 |
| Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga | 28 | 0,8 | 66 | 1,7 |
| Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar | 27 | 0,8 | 54 | 1,4 |
| Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar | 44 | 1,2 | 52 | 1,3 |
| Félagsmálanefnd Hornafjarðar | 13 | 0,4 | 18 | 0,5 |
| Félagsmálanefnd Árborgar | 97 | 2,7 | 105 | 2,7 |
| Velferðarnefnd Árnesþings | 55 | 1,5 | 24 | 0,6 |
| Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu | 22 | 0,6 | 27 | 0,7 |
| Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja | 61 | 1,7 | 52 | 1,3 |
| **Samtals** | **3.567** | **100,0** | **3.880** | **100,0** |

[1] Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 1.913 | 53,6 | 2.143 | 55,2 |
| Stúlkur | 1.633 | 45,8 | 1.719 | 44,3 |
| Ekki vitað[1] | 21 | 0,6 | 18 | 0,5 |
| **Samtals** | **3.567** | **100,0** | **3.880** | **100,0** |

[1] Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði[1] | 2.372 | 66,5 | 2.622 | 67,6 |
| Landsbyggð | 1.195 | 33,5 | 1.258 | 32,4 |
| **Samtals** | **3.567** | **100,0** | **3.880** | **100,0** |

[1] Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

| | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall*[1] | *Fjöldi* | *Hlutfall*[1] |
| Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál) | 2.433 | 68,2 | 2.620 | 67,5 |
| Drengir | 1.230 | 50,6 | 1.346 | 51,4 |
| Stúlkur | 1.183 | 48,6 | 1.260 | 48,1 |
| Ekki vitað[2] | 20 | 0,8 | 14 | 0,5 |
| Þar af nýjar kannanir | 1.258 | 35,3 | 1.308 | 33,7 |
| Drengir | 609 | 48,4 | 715 | 51,9 |
| Stúlkur | 640 | 50,9 | 649 | 47,1 |
| Ekki vitað* | 9 | 0,7 | 14 | 1,0 |

[1] Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um
[2] Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

.

## Ástæður tilkynninga[1]

| Ástæður tilkynninga | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| **Vanræksla** | **1.577** | **36,4** | **1.910** | **40,0** |
| *Drengir* | *757* | *17,5* | *964* | *20,2* |
| *Stúlkur* | *820* | *18,9* | *946* | *19,8* |
| Líkamleg vanræksla | 124 | 2,9 | 119 | 2,5 |
| *Drengir* | *52* | *1,2* | *74* | *1,5* |
| *Stúlkur* | *72* | *1,7* | *45* | *0,9* |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 1.310 | 30,3 | 1.580 | 33,1 |
| *Drengir* | *651* | *15,0* | *790* | *16,5* |
| *Stúlkur* | *659* | *15,2* | *790* | *16,5* |
| Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu | 395 | 9,1 | 489 | 10,2 |
| *Drengir* | *166* | *3,8* | *249* | *5,2* |
| *Stúlkur* | *229* | *5,3* | *240* | *5,0* |
| Vanræksla varðandi nám | 90 | 2,1 | 101 | 2,1 |
| *Drengir* | *40* | *0,9* | *56* | *1,2* |
| *Stúlkur* | *50* | *1,2* | *45* | *0,9* |
| Tilfinningaleg vanræksla | 138 | 3,2 | 204 | 4,3 |
| *Drengir* | *53* | *1,2* | *101* | *2,1* |
| *Stúlkur* | *85* | *2,0* | *103* | *2,2* |
| **Ofbeldi** | **1.167** | **27,0** | **1.069** | **22,4** |
| *Drengir* | *530* | *12,2* | *475* | *9,9* |
| *Stúlkur* | *637* | *14,7* | *594* | *12,4* |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 555 | 12,8 | 582 | 12,2 |
| *Drengir* | *262* | *6,1* | *281* | *5,9* |
| *Stúlkur* | *293* | *6,8* | *301* | *6,3* |
| þar af heimilisofbeldi | 242 | 5,6 | 241 | 5,0 |
| *Drengir* | *118* | *2,7* | *129* | *2,7* |
| *Stúlkur* | *124* | *2,9* | *112* | *2,3* |
| Líkamlegt ofbeldi | 292 | 6,7 | 240 | 5,0 |
| *Drengir* | *173* | *4,0* | *123* | *2,6* |
| *Stúlkur* | *119* | *2,7* | *117* | *2,4* |
| Kynferðislegt ofbeldi | 344 | 7,9 | 249 | 5,2 |
| *Drengir* | *106* | *2,4* | *74* | *1,5* |
| *Stúlkur* | *238* | *5,5* | *175* | *3,7* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Áhættuhegðun** | **1.551** | **35,8** | **1.771** | **37,1** |
| *Drengir* | *1.040* | *24,0* | *1.238* | *25,9* |
| *Stúlkur* | *511* | *11,8* | *533* | *11,2* |
| Neysla barns á vímuefnum | 289 | 6,7 | 278 | 5,8 |
| *Drengir* | *187* | *4,3* | *194* | *4,1* |
| *Stúlkur* | *102* | *2,4* | *84* | *1,8* |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 531 | 12,3 | 737 | 15,4 |
| *Drengir* | *300* | *6,9* | *476* | *10,0* |
| *Stúlkur* | *231* | *5,3* | *261* | *5,5* |
| Afbrot barns | 540 | 12,5 | 510 | 10,7 |
| *Drengir* | *417* | *9,6* | *389* | *8,1* |
| *Stúlkur* | *123* | *2,8* | *121* | *2,5* |
| Barn beitir ofbeldi | 156 | 3,6 | 191 | 4,0 |
| *Drengir* | *124* | *2,9* | *161* | *3,4* |
| *Stúlkur* | *32* | *0,7* | *30* | *0,6* |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 96 | 2,2 | 99 | 2,1 |
| *Drengir* | *54* | *1,2* | *50* | *1,0* |
| *Stúlkur* | *42* | *1,0* | *49* | *1,0* |
| **Heilsa eða líf ófædds barns í hættu** | **34** | **0,8** | **29** | **0,6** |
| | | | | |
| **Tilkynningar alls** | **4.329** | **100,0** | **4.779** | **100,0** |
| | | | | |
| **Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu**[2] | **127** | **100,0** | **139** | **100,0** |
| *Drengir* | *66* | *52,0* | *65* | *46,8* |
| *Stúlkur* | *60* | *47,2* | *74* | *53,2* |
| *Ekki vitað*[3] | *1* | *0,8* | *0* | *0,0* |

[1]Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

[2]Að mati tilkynnanda

[3]Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Tilkynnendur

| Tilkynnendur | **Fyrstu 6 mán. 2013** | | **Fyrstu 6 mán. 2014** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnið sjálft | 33 | 0,8 | 32 | 0,7 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 201 | 4,6 | 305 | 6,4 |
| Nágrannar | 361 | 8,3 | 331 | 6,9 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 122 | 2,8 | 107 | 2,2 |
| Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu | 111 | 2,6 | 136 | 2,8 |
| Lögregla | 1.800 | 41,6 | 2.103 | 44,0 |
| Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr. | 575 | 13,3 | 521 | 10,9 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 85 | 2,0 | 100 | 2,1 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 387 | 8,9 | 446 | 9,3 |
| Foreldrar barns | 356 | 8,2 | 380 | 8,0 |
| Aðrir | 298 | 6,9 | 318 | 6,7 |
| **Samtals** | **4.329** | **100,0** | **4.779** | **100,0** |

# Umsóknir um meðferð

## Tegund meðferðar

| Tegund meðferðar | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Stuðlar | 18 | 24,7 | 24 | 29,3 |
| Langtímameðferð | 11 | 15,1 | 11 | 13,4 |
| MST | 44 | **60,3** | 47 | 57,3 |
| **Samtals** | **73** | **100,0** | **82** | **100,0** |

## Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 6 | 33,3 | 9 | 37,5 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 4 | 22,2 | 9 | 37,5 |
| Landsbyggð | 8 | 44,4 | 6 | 25,0 |
| **Samtals** | **18** | **100,0** | **24** | **100,0** |

[1]Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Umsóknir um meðferðarheimili eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 2 | 18,2 | 5 | 45,5 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 5 | 45,5 | 2 | 18,2 |
| Landsbyggð | 4 | 36,4 | 4 | 36,4 |
| **Samtals** | **11** | **100,0** | **11** | **100,0** |

[1]Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Umsóknir um MST eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 18 | 40,9 | 19 | 40,4 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 26 | 59,1 | 28 | 59,6 |
| **Samtals** | **44** | **100,0** | **47** | **100,0** |

[1] Þjónustusvæði MST spannar 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

## Kyn barna sem sótt er um meðferð  á Stuðlum fyrir

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 10 | 55,6 | 17 | 70,8 |
| Stúlkur | 8 | 44,4 | 7 | 29,2 |
| **Samtals** | **18** | **100,0** | **24** | **100,0** |

## Kyn barna sem sótt er um meðferð á meðferðarheimili fyrir

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 9 | 81,8 | 9 | 81,8 |
| Stúlkur | 2 | 18,2 | 2 | 18,2 |
| **Samtals** | **11** | **100,0** | **11** | **100,0** |

## Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 25 | 56,8 | 26 | 55,3 |
| Stúlkur | 19 | 43,2 | 21 | 44,7 |
| **Samtals** | **44** | **100,0** | **47** | **100,0** |

# Beiðnir um fósturforeldra

## Tegund fósturs

| Tegund fósturs | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Tímabundið | 55 | 74,3 | 48 | 71,6 |
| Varanlegt | 6 | 8,1 | 11 | 16,4 |
| Styrkt | 13 | 17,6 | 8 | 11,9 |
| **Samtals** | **74** | **100,0** | **67** | **100,0** |

## Beiðnir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 27 | 36,5 | 28 | 41,8 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 18 | 24,3 | 14 | 20,9 |
| Landsbyggð | 29 | 39,2 | 25 | 37,3 |
| **Samtals** | **74** | **100,0** | **67** | **100,0** |

[1]Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 40 | 54,1 | 27 | 40,3 |
| Stúlkur | 34 | 45,9 | 40 | 59,7 |
| **Samtals** | **74** | **100,0** | **67** | **100,0** |

# Þjónusta í Barnahúsi

## Þjónusta í Barnahúsi

| | Fyrstu 6 mán. 2013 Fjöldi | Fyrstu 6 mán. 2014 Fjöldi |
|---|---|---|
| Rannsóknarviðtöl | 151 | 92 |
| a. Skýrslutökur | 60 | 27 |
| b. Könnunarviðtöl | 91 | 65 |
| Greiningar- og meðferðarviðtöl | 58 | 68 |
| Læknisskoðanir | 10 | 9 |

## Kyn barna í Barnahúsi[1]

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 42 | 27,8 | 28 | 30,4 |
| Stúlkur | 109 | 72,2 | 64 | 69,6 |
| **Samtals** | **151** | **100,0** | **92** | **100,0** |

[1] Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

# Neyðarvistun á Stuðlum

## Neyðarvistun á Stuðlum

| | Fyrstu 6 mán. 2013 Fjöldi | Fyrstu 6 mán. 2014 Fjöldi |
|---|---|---|
| Fjöldi vistana | 105 | 99 |
| Vistunardagar | 766 | 588 |
| Fjöldi einstaklinga | 56 | 52 |

## Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

| Kyn | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 35 | 62,5 | 35 | 67,3 |
| Stúlkur | 21 | 37,5 | 17 | 32,7 |
| **Samtals** | **56** | **100,0** | **52** | **100,0** |

# Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

## Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

| Hvaðan koma umsóknir? | Fyrstu 6 mán. 2013 | | Fyrstu 6 mán. 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík og nágrenni[1] | 23 | 71,9 | 18 | 56,3 |
| Vesturland | 0 | 0,0 | 2 | 6,3 |
| Vestfirðir | 2 | 6,3 | 1 | 3,1 |
| Norðurland | 2 | 6,3 | 3 | 9,4 |
| Austurland | 2 | 6,3 | 0 | 0,0 |
| Suðurland | 1 | 3,1 | 4 | 12,5 |
| Reykjanes | 2 | 6,3 | 4 | 12,5 |
| Fólk búsett erlendis | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| **Samtals** | **32** | **100,0** | **32** | **100,0** |

[1]Reykjavík og nágrenni Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.